



Reykjavík 09.03.2017

Til allra aðildarfélaga HSÍ og allra þeirra aðila sem málið varðar.

### ÁRSPING HSÍ 2017

60. ársþing Handknattleikssambands Íslands verður haldið laugardaginn 22. apríl 2017 í Laugardalshöll.

Skráning þingfulltrúa hefst laugardaginn 22. apríl 2017 kl.09:00 og verður þingsetning sama dag kl. 10:00.

Kjörbréf og listi yfir þingfulltrúa má finna meðfylgjandi.

Tilkynning um framboð til embættis formanns og stjórnar HSÍ skal berast skrifstofu HSÍ minnst 21 degi fyrir þing. Uppstillingarnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar.

Málefni sem aðildarfélög eða sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn HSÍ minnst 21 degi fyrir þingið og skal stjórnin senda öllum aðildarfélögum og sambandsaðilum þau málefni eigi síðar en 7 dögum fyrir þingsetningu ásamt dagskrá þingsins.

Bestu kveðjur,

Handknattleikssamband Íslands

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

